

## Fundargerð

### 22. fundur byggingarnefndar vegna rakaskemmda í stofnunum Reykjanesbæjar haldinn að Tjarnargötu 12, 4. maí 2023 kl. 14:00

Viðstaddir: Friðjón Einarsson formaður, Kjartan Már Kjartansson, Guðmundur Björnsson, Grétar I. Guðlaugsson, G. Hans Þórðarson verkefnisstjóri frá OMR verkfræðistofu.  
Fundargerð ritaði Íris Eysteinsdóttir.

#### 1. Svör við fyrirspurnum frá síðasta fundi

Farið var yfir svör við fyrirspurnum og tilboðsgerð.

Nefndamenn sammála að leitast við að bjóða út sem flesta verkþætti.

Óskað eftir stöðu tryggingamála varðandi nýbyggingar og viðhaldsverkefni.

#### 2. Úttekt á byggingum 2023 fyrirkomulag og útboðsform

Óskað eftir gátlista vegna úttektar (ástandsskoðunar) á byggingum Reykjanesbæjar sem stefnt er að að hefjist á sumarmánuðum.

Markmiðið er að hafa virkt eftirlit með öllum verkefnum, viðhalds og nýbyggingum í bæjarfélaginu.

#### 3. Útboð í gangi

Raflagnir Myllubakkaskóla - lokið.

Hurðir og innveggir Myllubakkaskóla – í vinnslu.

Múrverk Myllubakkaskóla – lokið.

Lagnir Myllubakkaskóla – lokið.

Byggingarstjóri og verkeftirlit – lokið.

#### 4. Garðasel

Loftræstitæki eru í uppsetningu.

Samþykkt er að setja loftræstingu undir gólfflöt.

#### 5. Seylubraut 1 (Rammahúsið)

Samþykkt að ástandsskoðun verði gerð á húsinu.

#### 6. Aðrar byggingar

Ýmis verkefni í gangi, verða kynnt síðar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15.10

Næsti fundur verður í ráðhúsi Reykjanesbæjar fimmtudaginn 25. maí kl. 14:00.